

Nr. 056 / 15 Ísleifur VE 63***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1610
Smíðaður: Skála Færeyjum 1976, stál
Stærð: 550,8 brl. 756 bt.
Mesta lengd: 55,34 m Skráð lengd: 49,93 m
Breidd: 9,0 m Dýpt: 6,7 m
Vél: Wärtsilä 1997, 2460 kW
Fjöldi skipverja: 14



Ísleifur© Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. febrúar 2015 var Ísleifur VE 63 á veiðum með loðnunót á SV miðum. Veður: N 13 m/s og sjóljútið.

Skipverjar voru að draga nótina þegar ólag kom á skipið með þeim afleiðingum að einn þeirra féll afturábak og lenti á járnbrík á lunningahlið þannig að hann rófubeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði lenti á brík á hliði í nótakassa;
- að þetta hlið var fjarlægt þegar skipið var á togveiðum og sett upp til að loka nótakassanum þegar verið er á nótaveiðum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.